UNDIRBÚNINGUR AÐ BORGARFJARÐARBRÚ Í GÓÐUM GANGI, EN

EKKERT ÖRLAR Á BRÚNNI ENN

Verið er að færa rafstrengi, sem liggja yfir Borgarfjörð þar sem brúin á að koma, og er það liður i undirbúningsframkvæmdum að væntanlegri brúargerð. Þær hófust snemma í júní, og er nú verið að koma upp vinnubúðum og skemmu, sem á að verða framleiðsluhús. Eins er verið að undirbúa gerð á bryggjum, sem verða lagðar út í fjörðinn.

Allar þessar framkvæmdir eru austan megin fjarðarins á svonefndri Seleyri, en þar er einnig vatnsból Borgnesinga. Það þrengir verulega athafnarými við brúargerðina, og er nú meðal annars í athugun möguleiki á að færa vatnsbólið til.

Helgi Hallgrimsson, brúaverkfræðingur, sagði Visi að varla væri hægt að segja, að til væri nákvæm áætlun um hvenær brúargerðinni yrði lokið, en stefnt væri að því að henni gæti orðið lokið á árinu 1978. Brúin sjálf verður aðeins tiltölulega stutt, en uppfyllingar að henni fram i fjörðinn beggja vegna. Ætlunin er að steypa brúarbitana i landi og fleyta þeim fram i fjörðinn, þar sem þeim verður komið fyrir á stöplana, en stöplarnir verða steyptir á staðnum frá flotprömmum.

— Nú eru 25-30 manns við undirbúningsvinnu á Seleyri, en líklegt að þeim fjölgi eitthvað, er kemur fram á sumarið.

Borgnesingar hyggja gott til að fá brúna, sem tekur land kaupstaðarmegin við athafnasvæði Vegagerðarinnar og mun tengjast þjóðveginum vestur og norður á móts við Dvalarheimili aldraðra i Borgarnesi. Talið er, að staðurinn muni mjög eflast með tilkomu brúarinnar, og hefur jafnvel verið hreyft þeirri hugmynd að byggð muni myndast Seleyrarmegin við brúna — en þar var raunar verzlunarstaður áður fyrr. —SHH

Bifröst:

Orlof fyrir fjóra í viku fyrir 19.500 kr.

„Við gælum við þá hugmynd að stórir hópar taki sig saman og taki staðinn á leigu", sagði Guðmundur Arnaldsson framkvæmdastj. sumarheimilis samvinnumanna að Bifröst, þar sem nú er orlofsheimilisrekstur í stað gististaðar áður.

Guðmundur sagði að boðið væri upp á ákaflega góð kjör. T.d. gætu hjón með tvö börn dvalið i eina viku fyrir 19.500 kr. Gisting kostaði þá 10.500 en maturinn 9000 kr. Þá geta gestir dvalið á Bifröst aðeins i gistingu án þess að borða i matstofunni. Einnig geta þeir fengið sérstakt afsláttarkort, sem gildir fyrir 7 heitar máltíðir, hvort sem er að degi eða kvöldi og kostar þá maturinn 350—360 kr. Sama verð er þá á kjötrétti og fiskréttí, ekki er um valkosti að ræða.

Drjúgt hefur verið um pantanir, en enn eru opin 7 timabil fyrir almenning seinni partinn i júli og i ágúst.

Þetta sumarheimili samvinnumanna að Bifröst var i upphafi ætlað sem orlofsstaður hreyfingarinnar að sögn Guðmundar. En samtakamátturinn reyndist samt ekki svo mikill að heilar verksmiðjur tækju staðinn á leigu.

„Við erum samt mjög ánægðir með þessa frumraun og aðalatriðið er, að vel takist til. Fyrirsjáanlegt er að ekki verður mikill gróði en þetta stendur hiklaust undir sér", sagði Guðmundur.

-EVI-


KAUPA LÓÐ UNDIR BÍLASTÆÐI FYRIR 1,1 MILLJÓN KRÓNA

„Verzlunarskólinn festi kaup á lóð við Grundarstig 23a nú fyrir nokkru. Ráðgerir skólinn að nota þessa lóð undir bílastæði fyrir nemendur og kennara skólans. Söluverð lóðarinnar var 1100.000 þúsund kr.", sagði Jóhannes L.L. Helgason, lögmaður Verzlunarskólans i viðtali við Visi.

Ennfremur sagði Jóhannes, að Verzlunarskólinn hefði ekki i hyggju að byggja meira við skólann við Grundarstig. Nú væri skólinn búinn að fá lóð i grennd við Hamrahlíðarskólann og þar myndi skólinn byggja upp starfsemi sina i framtíðinni.

—HE

Spilar á gítar



Örn Arason, sem stundað hefur gitarleik um árabil, nú síðast i Barcelona, heldur tónleika i dag, laugardag, i Norræna húsinu. Tónleikarnir hefjast klukkan fjögur, og er efnisskráin mjög fjölbreytt, meðal annars frumflytur hann verk eftir Spánverjann Graciano Tarrago.



Vesturfararnir á sviði Þjóðleikhússins.

Þótt þú langförull legðir...

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ SENDIR FIMMTÍU VESTURFARA

— til að skemmta Vestur-Íslendingum

„Við munum sýna Vestur-Íslendingum hinn sameiginlega arf afkomenda vesturfaranna og heimaþjóðarinnar hvað snertir bókmenntir og tónlist og leitast við að segja sögu Íslands frá sjónarhóli skáldanna okkar," sagði Gunnar Eyjólfsson leikari, sem nú er að æfa dagskrá, sem um 50 manna hópur frá Þjóðleikhúsinu mun flytja á 100 ára afmælishátíð Íslands byggðar i Kanada nú i sumar.

„Kaflar úr Íslandsklukkunni og Jóni Arasyni verða fluttir ásamt svipmyndum úr þjóðlegustu leikritunum okkar eins og Skugga-Sveini, Pilti og stúlku og Gullna hliðinu.

Flutningur þessara verka verður á íslenzku en dagskráin verður þó tengd saman með ensku tali," sagði Gunnar Eyjólfsson.

„Þjóðleikhúskórinn verður með i förinni. Mun hann syngja íslenzk lög eingöngu, eftir bæði yngri og eldri tónskáld, bæði vinsæl þjóðlög og ættjarðarlög.

Einnig verðum við með myndvarpa, og munum við með hjálp hans stikla á stóru um sögu lands og þjóðar.

Við munum sýna bæði i leikhúsum og hinum ýmsu stofnunum. — Ferðalag þetta mun taka 21 dag. Á þessum tima eigum við að halda 10 sýningar. En aðalhátíðin verður i Gimli en hún mun standa i þrjá daga," sagði Gunnar að lokum.

—HE.

Eyjólfur J. Eyfells:

89 ÁRA OG FÆST ENN VIÐ PENSLA OG LITI

Eyjólfur J. Eyfells, listmálari, sem nú heldur yfirlitssýningu i vesturálmu Kjarvalsstaða, hefur helgað sig málaralistinni s.l. 60 ár. Hann hefur málað fjölda mynda og selt öll verk sín jafnóðum. Verði verka sinna hefur hann stillt mjög i hóf til þess að sem flestir ættu þess kost að eignast þau, enda prýða þau heimili fólks af öllum þjóðfélagsstéttum um land allt. Þá munu allmargar af myndum hans vera viðs vegar erlendis.

Eyjólfur hefur haldið fjölda málverkasýninga innanland og i Brook St. Gallerie i London árið 1936.

Eins og fjölda manns er kunnugt, hlaut hann i vöggugjöf dulræna hæfileika, sem hann lagði rækt við er hann náði fullorðins aldri. Hann er einlætur spíritisti og einn þeirra, er telur sig muna glefsur úr fyrri jarðvistum sínum. Hann telur sig i þessari jarðvist hafa stigið það skref til þroska að hafa að fullu sagt skilið við þann leiða löst mannkynsins, ágirndina.

Hann er 89 ára gamall, ern, sjón- og handstyrkur enda fæst hann enn við að handleika pensla og liti.

—EVI—



Eyjólfur J. Eyfells við nokkur verka sinna, sem sýnd eru i vesturálmu Kjarvalsstaða.